

109 29. júní. beðinn að leggja liðsinni sitt til þess, að fá verzlunarstjóra Snorra Pálssyni á Siglufirði endurgoldnar 633 kr., er hann lagði út árið 1874 fyrir undirhald 11 norskra skipbrotsmanna af skipinu Tromsøe, og sem formaður skipsins hafði gefið út víxlbrjef fyrir upp á korresponderandi reiðara skipsins í Christjanssand, en hann neitaði að gegna því, og hefir tjeður ráðherra nú sent hingað aptur brjef frá utanríkisráðherra Þýzkalandskeisara til sendiherra Danakonungs í Berlín, sem ber með sjer, að fjelagið «Deutsche Polar-Schiff-fahrts-Gesellschaft», sem átti framangreint skip, hefir orðið gjaldþrota fyrir 2 árum, að tilkvöddum áður skuldheimtumönnum sínum, og að Snorri Pálsson verzlunarstjóri, sem eigi hefir lýst skuldakröfu sinni fyrir hinn tiltekna tíma, getur eigi fengið skuldina goldna, og það því síður, sem fjelagið var «anónýmt», og er nú alveg undir lok liðið.

Þetta er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, og er brjefinu látið fylgja eptirrit af áminnztu brjefi frá utanríkisstjórn Þjóðverja.

Framangreint víxlbrjef með prótesti og 3 fylgiskjölum öðrum endursendist.

110 29. júní. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um styrk handa kvennaskóla.* — Að fengnu álitu stiptyfirvaldanna um bónarbrjef það frá forstöðunefnd kvennaskólans í Skagafirði, er mjer barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dagsettu 31. f. m., um styrk handa tjeðum skóla af fje því, er til er tekið í 15. grein fjárlaganna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg hefi veitt þetta reikningsár 200 krónur af áminnztu fje handa hinum skagafirska kvennaskóla með því skilyrði, að skólanum verði veittur að minnsta kosti jafnmikill styrkur úr sýslusjóði. — Meðan kvennaskólinn nýtur styrks úr landssjóði, á hann að vera undir yfirumsjón stiptyfirvaldanna, eins og fyrir er mælt um kvennaskólann í Reykjavík í brjefi mínu 25. febr. þ.á. (Stjórnart. B, bls. 11—12).

111 29. júní. — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af öli og brennivíni er flyzt á flöskum.* — Í þóknanlegum brjefum 13. og 15. þ. m. hafði þjer, herra bæjarfógeti, borið undir mig þá spurningu, hvort taka eigi eptir lögum 11. febr. 1876 jafnmikinn toll af hverri þriggja-pela-flösku af öli, brennivíni og vínanda, er flutt er hingað til landsins, sem af einum potti.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að í 1. gr. áminnztra laga er tollur af öli, brennivíni og vínanda miðaður við pottatal, og eigi gjörður neinn munur á því, að því er þessi drykkjarföng snertir, hvort þau eru flutt til landsins í stærri eða minni ílátum; raunar er það eigi tekið fram með berum orðum um þessi drykkjarföng, að eigi sje gjörður slíkur greinarmunur, svo sem um rauðavín og messuvín; en rjett á eptir aðáminzt ölföng eru upptalin í 1. grein laganna, er því viðbætt, að af öllum öðrum áfengum drykkjum skuli greiða í toll 30 aura af hverjum potti, sjeu þau flutt á ílátum, er taka meira en 1 pott, og jafn mikið af hverjum 3 pelum, sjeu þau flutt í minni ílátum. — Eptir þessu verður að kveða nei við því, er þjer spyrjið um, herra bæjarfógeti.

112 3. júlí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kaup á handrita- og bókasafni.* — Í tilefni af því, að í 13. gr. C. 7 fjárlaganna, sem út voru gefin fyrir Ísland 19. oktbr. f. á. um árin 1878 og 1879 var leyft, að verja mætti